

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Tillaga að söfnun á lífrænum eldhúsúrgangi til jarðgerðar í tilraunaskyni á Kjalarnesi

Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum leggur til að hafin verði sérsöfnun á lífrænum eldhúsúrgangi í tilraunaskyni á Kjalarnesi haustið 2019. Sérsöfnun verði svo innleidd um alla borg í áföngum þegar gas- og jarðgerðarstöð Sorpu opnar. Haft verði samráð við íbúasamtök og hverfisráð Kjalarnes við framkvæmdina.

Greinargerð

Lífrænum eldhúsúrgangi er ekki sérsafnað í Reykjavík og fer nú allur í urðun. Við urðun lífræns úrgangs tapast lífræn efni og næringarefni, þ.m.t. fosfór sem er takmörkuð auðlind, auk þess sem urðunin skapar margvísleg vandamál. Við innleiðingu Evróputilskipunar á næstu mánuðum má búast við að sérsöfnun lífræns eldhúsúrgangs verði skylda eftir árið 2023. Sérsöfnun er einnig forsenda framleiðslu á gæðamoltu í fyrirhugaðri gas- og jarðgerðarstöð Sorpu.

Með tilraunaverkefni á Kjalarnesi haustið 2019 og fram á vorið 2020 mun safnast reynsla og upplýsingar um magn, samsetningu endurvinnsluefna, árangur við flokkun og aukinn hirðukostnað og ílát sem mikilvægar eru við frekari innleiðingu á flokkun og söfnun á lífrænum eldhúsúrgangi í borginni vorið 2020.

Stefnt er að því að koma fyrir íláti fyrir lífrænan eldhúsúrgangs við heimili á Kjalarnesi haustið 2019. Tilraunin verði framkvæmd í dreifbýli og í Grunndarhverfi á Kjalarnesi sem eru um 197 íbúðir, að mestu sérþýli. Kostnaður við tillöguna er áætlaður eftirfarandi:

Þáttur	Áætlaður kostnaður
Móttökugjöld	-70 þús. kr.
Aukinn hirðukostnaður	330 þús. kr. ¹
Kaup á ílátum	740 þús. kr.
Kynningarmál	500 þús. kr.
Samtals	1,5 m.kr.

¹ Gert er ráð fyrir 15% lengri hirðutíma en tilraunin leiðir í ljós hversu mikið hirðutími eykst

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Tillaga að söfnun á flokkuðu gleri og málmum í tilraunaskyni í Árbæ og á Kjalarnesi

Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum leggur til að boðið verði uppá söfnun á gleri og málmum frá heimilum og á grenndarstöðvum í tilraunaskyni í Árbæ og Kjalarnesi haustið 2019.

Greinargerð

Málmum er ekki sérsafnað við heimili í Reykjavík, en talsvert magn skilar sér á endurvinnslustöðvar. Þá er nokkurt magn af málmum tínt úr óflokkuðum úrgangi með vélrænum hætti. Endurvinnsluhlutfall málma er mjög hátt og nú þegar yfir markmiðum tilskipunar Evrópusambandsins fyrir árið 2030. Aukin sérsöfnun málma er til þess fallin að stuðla að aukinni umhverfisvitund. Gleri er ekki sérsafnað við heimili í Reykjavík. Allt gler sem safnast á grenndarstöðvum og á endurvinnslustöðvum er mulið og endurnýtt sem burðarlag fyrir fyrirhugaða Sundabraut í Álfsnesi en engar glerumbúðir frá Íslandi fara í endurvinnslu. Bæta þarf úr því til að ná megi markmiðum tilskipunar Evrópusambandsins um endurvinnslu á gleri fyrir árið 2030. Jafnframt er mikilvægt að ná öllu gleri úr úrgangi sem fer í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu til að koma í veg fyrir að það endi í moltu sem þar verður framleidd.

Með tilraunaverkefni á Kjalarnesi og í Árbæ haustið 2019 og fram á vorið 2020 mun safnast reynsla og upplýsingar um magn, samsetningu endurvinnsluefna, árangur við flokkun og aukinn hirðukostnað og ílát sem mikilvægar eru við frekari innleiðingu á flokkun og söfnun á málmum og gleri í borginni vorið 2020. Með að safna gleri og málmum á öllum grenndarstöðvum á Kjalarnesi og í Árbæ á sama tíma fást upplýsingar um söfnunarkerfi sambærilegt því sem þegar er í borginni þar sem íbúar geta valið um tunnu við heimili eða grenndarstöðvar við skil á endurvinnsluefnum.

Gert er ráð fyrir að bjóða íbúum á Kjalarnesi og í Árbæ ílát fyrir gler og málms sem innhengt ílát í grænu tunnuna eða sem sér ílát haustið 2019. Grænar tunnur og hirða á plasti og nú gleri og málmum er val íbúa. Gert er ráð fyrir að kynna nýtt ílát vel fyrir íbúum en um 4.700 grænar tunnur eru nú í borginni.

Þáttur	Áætlaður kostnaður
Móttökugjöld	Óveruleg breyting
Aukinn hirðukostnaður	640 þús. kr. ²
Kaup á ílátum	1.250 þús. kr.
Kynningarmál	500 þús. kr.
Samtals	2,39 m.kr.

² Gert er ráð fyrir 15% lengri hirðutíma með innhengdum ílátum en tilraunin leiðir í ljós hversu mikið hirðutími eykst

Reykjavík, 1. júlí 2019

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Tillaga að markaðsátaki til aukinnar flokkunar á pappír og pappa til endurvinnslu

Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum leggur til að farið verði í markaðsátak til að auka flokkun og skil á pappír og pappa til endurvinnslu.

Greinargerð

Söfnun á pappír og pappa með bláu tunnunni hófst árið 2007. Árið 2012 var íbúum gert skilt að flokka pappír og pappa frá blönduðu heimilissorpi en íbúar geta valið um að vera með bláa tunnu við heimili eða skila endurvinnsluefnunum á grenndar- eða endurvinnslustöðvar. Ágætur árangur hefur náðst í söfnun á pappír og pappa en þó er enn um 10% af blönduðu heimilissorpi pappír og pappi. Um 40% af pappírs og pappa fer þannig til urðunar en um 60% til endurvinnslu eða –nýtingar. Gera þarf átak í að ná enn frekar pappír og pappa úr blandaða heimilissorpinu. Stýrihópurinn leggur því til að farið verði í markaðsátak þar sem íbúar verða hvattir til að auka enn frekar flokkun á pappír og pappa til endurvinnslu en samhliða því verðir gert átak í að fylgjast með rangri flokkun í gráu tunnunni, blandaða heimilissorpinu. Í samstarfi við Sorpu verði unni greining á samsetningu húsasorps í Reykjavík fyrir og eftir átakið til að meta árangur þess. Gert er ráð fyrir að settar verði 5 m.kr. í hönnun auglýsinga og kynningarefnis og birtingar.